



## Skútustaðahreppur

### Skólanefnd

2. fundur

8. desember 2014

Kl. 16:00-18:30

Mætt: Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir formaður, Þuríður Pétursdóttir og Friðrik Jakobsson. Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla, Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri Yls og Hólfríður Jónsdóttir sem fulltrúi kennara sátu allan fundinn. Fulltrúi foreldra var boðaður til fundar en mætti ekki.

**1. Varaformaður skólanefndar kjörinn.** Frestað þar til sveitarstjórn hefur skipað nýjan fulltrúa í skólanefnd í kjölfar brotthvarfs Hörpu Barkardóttur.

**2. Fjárhagsáætlanir.** Fjárhagsáætlun fyrir 2015 var send fulltrúum skólanefndar í tölvupósti til umsagnar. Skólastjórar komu sínum óskum fram á fundi með sveitarstjóra og voru mjög ánægðir með þann möguleika. Stefna sveitarstjórnar er að hefja fjárhagsáætlunargerð fyrir 2016 í upphafi næsta árs og vinna í samráði við hlutaðeigandi með það fyrir augum að ná hagræðingu og raunhæfari áætlunum. Fundarmenn mjög ánægðir með það fyrirkomulag.

**3. Vinabæjarsamskipti - mögulegt skólasamstarf.** Áhugi fundarmanna er að skoða samstarf við skóla í vinabæ Mývatnssveitar í Sör-Fron í Guðbrandsdal í Noregi. Skoðað verði með styrki Evrópusambandsins, Nordplus og Comenius. Nefnd verði skipuð einum úr skólanefnd, einum fulltrúa grunnskóla og einum fulltrúa leikskóla til að vinna hugmyndir að samstarfi og möguleika til fjáröflunar.

**4. Leikskóli – sumarlokun.** Marka þarf stefnu til næstu fjögurra ára varðandi sumarlokun leikskóla. Þar verði mat lagt á: hag barnanna, óskir foreldra, ákvæði reglugerða og kostnað sveitarfélagsins. Tillaga að skipun nefndar um málið þar sem sitja Þóra Ottósdóttir fyrir hönd leikskóla, Jóhanna Katrín fyrir hönd skólanefndar og fulltrúi tilnefndur af foreldraráði. Mikilvægt er að úttektinni verði lokið fyrir 20. des og til að hægt verði að hefja skipulagningu sumarleyfa í upphafi árs.

**5. Skólanámsskrár grunn- og leikskóla.** Lítil tími hefur verið fyrir þá vinnu og vinnufundir skólanna nýst til enn brýnni vinnu á öðrum sviðum skólastarfsins. Í leikskóla hefur vegna starfsmannamála gefist lítil tími til vinnunnar en undirbúningsvinna þó hafin. Í grunnskóla er vinnan komin ágætlega á veg og horfur til að geti orðið af krafti í upphafi næsta árs.

**6. Skólafundur Skútustaðahrepps.** Liggur fyrir en virðist ekki hafa verið birt opinberlega. Verði tekin upp í tengslum við opinn fund um skólamál sem stefnt skal að því að halda í febrúar.

**7. Ályktun fundar skólastjórnenda á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurþings frá 13. nóvember 2014.** Erindinu var beint til skólanefndar frá sveitarstjórn sem kallaði eftir tillögum nefndarinnar um mögulegar úrbætur þannig að ákvæði laga og reglugerðar séu uppfyllt, jafnframt myndi þeirri skoðun fylgja áætlun um

kostnað vegna mögulegra breytinga. Skólanefnd ræddi auðsýndan hag af samrekstri skólaþjónustu. Skólastjóra grunnskóla í samvinnu við formann skólanefndar falið að kanna málið hjá Norðurþingi og tilhögun sambærilegra mála í Þingeyjarsveit en að þeim umræðum loknum verður fyrst mögulegt að gera áætlanir um kostnað.

**8. Hvatning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að hækkan menntunarstigs starfsmanna leikskóla.**

Skólanefnd lýsir ánægju með hvatninguna og telur málefnið brýnt. Leikskólastjóra falið að kanna áhuga starfsmanna til náms, með það fyrir augum hvort leggja ætti til við sveitartjórnn að mótaðar yrðu hugmyndir til stuðnings ófaglærðra starfsmanna til náms.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.